Ed. **392. Frumvarp**

til heimildar um hluttöku landssjóðs i islensku eimskipafjelagi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ef myndað verður íslenskt eimskipafjelag til þess að taka að sjer strandferðir hjer við land, enda sje það myndað af þeim frumkvöðlum og með því skipulagi, er stjórnin álitur tryggilegt, veitist henni heimild til að láta landssjóð gerast hluthafa að alt að ¼ hlutafjárins, að áskilinni heimild stjórnarinnar til að setja skilyrði um hluttökurjett landssjóðs i atkvæðagreiðslu á fundum og hluttöku í stjórn fjelagsins og eftirlitsrjett með því.